

staða væri fengin, að guð og menn væri sama eðlis, faðir og börn. Því með því að svara sjálfum sér á þann hátt, var spurningu ósvarað, spurningu, sem enn erviðara var úr að leysa en hinni fyrri, nefnilega: Hvað er guð? Menn leituðu svarts upp á þá spurningu. Ein öldin reif niður það, sem önnur byggði, og eftir því sem betur var um það hugsað, fundu menn hve skamti hugur þeirra tók. Eftir því sem undrasmíð alheimsins var bettur og betur íhuguð, varð guðsmyndin mönnunum meir og meir óljós. Hinrar fornu hugmyndir liðu undir lok. Persónugervi guðs var neitað, og nokkrir álitu, að hann væri andi, líf, eða sál ytri tilverunnar, er maður daglega sér. Aðrir jafnvel neituðu, að til væri nokkur guð, og í alla staði varð fjarlægðin meiri og meiri milli guðs og manna. Guð varð ólíkur manninum og maðurinn ólíkur guði.

Allar þessar skoðanir bergmála innan ritningaránnar á ýmsum stöðum. Hann er ekki eins og mannanna börn, stendur þar. Hann er ekki sá sem óguðlegt athæfi líkar. Hann er ekki eins og menn, að hann þurfi nokkurs með. Og að síðustu gengur bók Prédikarans út á algjörða neitun allra hluta.

Í stað þess að svara því, hvað það sé að vera maður, með því að segja, að það sé að vera líkur guði, urðu spurningarnar tvær: Hvað er guð? Hvað er maður? Og frá því tímabili, er ekki hófst alstaðar jafnsnemma, byrjar guðfræði og siðfræði í menningarsögu heimsins. Í hinum vestræna og norðlægum heimi byrjar þessi aðgreining fyrst til fulls hér um 400 árum fyrir vort tímatal, með Sókratesi. Vér þekkjum ekki guð augliti til auglitis, hvernig hann er eða hvar hann er; vér þekkjum hann að eins sem tilfinningu í sálunum, í hugskoti voru, í samvizku vorri. Þar talar andinn. En manninn sjáum vér, hann getum þekkt. Lærum því að þekkja sjálfa oss. Þetta var, eins og alkunnugt er, kenning hans.

Það er eftirtektarvert, að siðfræðis og mannfræðismálunum er á hvaða helzt tímabili sem er aðallega gaumur gefinn af þeim sem taldir eru vantrúaðir á rétttrúnaðarlærðómana. Þannig byrjar það um alla Norðurálfuna með þessum manni, sem vér minntumst á, er líflátinn var fyrir vantrú, fyrir að afvegaleiða